

Evrópskur þrýstingur

Hvað varðar stjórnun og fjárveitingar eru barna- og unglिंगageðlækningar undir forræði fullorðinsgeðlækninga og greinin er því eftirbátur annarra ségreina. Þetta hefur vakið athygli innan Evrópusamtaka barna- og unglिंगageðlækna sem hafa ákveðið að halda ársþing sitt hér á landi á næsta ári. Tilgangurinn er ekki hvað síst sá að þrýsta á stjórnvöld að auka sjálfstæði greinarinnar.

Þær leggja áherslu á nauðsyn þess að læknaeild Háskóla Íslands skipi í prófessorsstöðu hið allra fyrsta í sérgreininni þar sem prófessorshæfni er fyrir hendi í landinu. „Megináherslan hefur verið lögð á það innan UEMS að skipa í prófessorsstöðu til að stuðla að sjálfstæði og hraða uppbyggingu sérgreinarinnar, bæta kennslu stúdenta og koma á skipulögðu sérnámi við allar læknaeildir Evrópulanda. Aðalvandinn hér er að sérgreinin hefur engan talsmann innan deildarinnar til að stuðla að þessari uppbyggingu, auk þess sem aðrir prófessorar deildarinnar berjast fyrir sínar sérgreinar þar sem peningar eru naumur í læknaeild. Þeir kjósa því að setja peningana í eigin sérgreinar,“ segja þær.

Dagbjörg, Guðrún og Helga segja að barna- og unglिंगageðlækningar hafi verið í örri framþróun í Evrópu á undanförunum árum, bæði hvað varðar skipulag og uppbyggingu, auk þess sem þekkingunni hefur fleygt fram. Hér á landi tala þær fyrir daufum eyrum og áhugaleysið er algert á því að efla greinina.

„Það er talað við okkur eins og við séum börn eða ófullkomnir einstaklingar eins og skjólstæðingar okkar,“ segja þær.

Eftir að BUGL komst á legg hafa verið gerðar úttektir á starfsemi og stungið upp á því að deildin tengdist barnaspítalanum en af því hefur aldrei orðið. „Það hafa því miður aldrei komist á nein tengsl þarna á milli. Það væri mikill kostur að hafa öll heilbrigðismál barna undir sama þaki því þá gætu foreldrar hitt alla sérfræðingana samtímis ef barn þeirra á við fjölþættan vanda að etja. Þetta barst í tal meðan barnaspítalinn var í byggingu en af einhverjum ástæðum var hætt við það,“ segja þær.

„Meginatriði er þó að greinin öðlist sjálfstæði,“ halda þær áfram. „Vinnubrögð og aðferðir í barna- og unglिंगageðlækningum eru mjög ólíkar því sem gildir í fullorðinsgeðlækningum. Við tökum mið af þroska barnsins og fjölskylda og aðrir í umhverfi þess eru mjög virkir í meðferðinni. Sjálfstæðið verður ekki að veruleika fyrr en greinin er viðurkennd á spítalanum og í læknaeild,“ segja þær Dagbjörg, Helga og Guðrún.

Í framhaldi af þessu spjalli barst talið að viðhorfi samfélagsins til barna og að sjálfsgöðu beindust sjónir okkar að kennaraverkfalli sem þá var nýlokið. Það er eins og börn og þeir sem þjóna þeim séu afgangsstærð hjá þeim sem fara með völdin í samfélaginu. Því þarf að breyta.

Afmælisboð Læknablaðsins

LÆKNABLAÐIÐ á stórafmæli um þessar mundir en í ársbyrjun 2005 verða liðin 90 ár frá útkomu fyrsta tölublaðsins. Eru þau ekki mörg íslensku tímaritín sem geta státt að af jafnvirðulegum aldri. Af því tilefni bauð blaðið ýmsum velunnurum sínum til örlítills gleðskapar á vopnahlésdaginn 11. nóvember. Þar mátti sjá marga þá sem lagt hafa blaðinu lið með skrifum, ritrýni, starfskröftum og öðru. Védís Skarphéðinsdóttir ritstjórnarfulltrúi bauð gesti velkomna og Örn Bjarnason fyrrum ritstjóri flutti ávarp. Auk þess léku þrír ágætir tónlistarmenn, þau Jóhanna Þórhallsdóttir, Tómas R. Einarsson og Aðalheiður Þorsteinsdóttir, af fingrum fram meðan gestir nutu veitinga og spjölluðu saman. Ljósmyndari gekk um ritstjórnarskrifstofur blaðsins og myndaði gestina.



Ljós. Arnaldur Halldórsson.